

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Regína Ástvaldsdóttir

Reykjavík 16.05.2022

Efni: Rekstur Grænir skátar (GS)

Grænir skátar (áður Þjóðþrif) hafa flokkað og talið dósir, plastflöskur og gler allt frá því að byrjað var að borga skilagjald fyrir umbúðir árið 1989. Frá upphafi hafa starfað hjá GS einstaklingar með skerta vinnugetu enda hafa mörg störf hjá GS fallið vel að mörgum í þessum hópi. Nú hin síðari ár hefur starfseminni vaxið fiskur um hrygg og eru GS komnir með móttökugáma á yfir 120 grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og starfsmenn með skerta vinnugetu orðnir 35 flestir í hlutastörfum og lang flestir með búsetu í Reykjavík.

Fyrir sex árum ákvað Endurvinnslan einhliða að hætta að greiða umsýslugjald til GS en það voru 3 kr. af hverri dós/flösku sem skilað var til Endurvinnslunnar en þetta umsýslugjald bættist við 18 kr. skilagjald. Við þessa ákvörðun var fótunum kippt undan stöðugum rekstri GS og reynst okkur fjárhagslega erfið.

Vinnumálastofnun (VMST) hefur stutt við okkar rekstur með stuðningi við launagreiðslur til einstaklinga með skerta vinnugetu og eru með vinnusamning í gegnum „Atvinna með stuðningi“ (AMS). Flestir þessara einstaklinga sem vinna hjá okkur eiga mjög erfitt með að fá vinnu annars staðar og því er vinnustaðurinn mikilvægur fyrir þá. Samkomulag hefur nást við VMST um greiðslur 75% af launum. Áður fyrr lækkuðu þessar greiðslur með tímanum en nú er þessi tala föst sem er forsenda fyrir rekstri GS. Unnið er að reglugerðabreytingum í ráðuneytinu.

Víða tíðkast það að ríki og sveitarfélög komi að rekstri sjálfseignastofnana eins og GS með ýmsum leiðum. Stuðningur þessi getur t.d. verið í formi húsaleigustyrks eða með öðrum hætti. Til gamans má geta að ríkið borgar 60% af húsaleigu Fjölsmiðjunnar og sveitarfélögin 40% en þessi stuðningur er mikilvæg forsenda þess að hægt er að reka þessa mikilvægu þjónustu. GS þyggja engan opinberan beinan stuðning í dag.

Það er ljóst að starfsemi Grænna skáta á eftir að vaxa á næstu misserum ef vel tekst til í rekstri. Aukin umsvif tryggja enn frekar þau störf sem finna má hjá okkur í dag og ekki er ólíklegt að við munum geta aukið við okkur í mannskap og skapað fleirum með skerta vinnugetu störf í framtíðinni. Mikil umræða er um þessar mundir um mikilvægi þess að efla atvinnu með stuðningi og vilja GS leggja sitt af mörkum í þeirri þróun. Til þess að þetta geti orðið þurfa ríki og sveitarfélög að styðja betur við starfsemi GS og styrkja hana. GS vilja gjarnan efla vinnustaðinn með betri aðbúnað og stuðningi við sína starfsmenn. AMS er mjög mikilvægt verkefni og við sjáum hversu þakklátir okkar starfsmenn eru að fá tækifæri til að vera virkir á vinnumarkaði. Við þurfum því í sameiningu að þróa þessa þjónustu áfram að aðlaga hana betur að þessum einstaklingum með skerta vinnugetu.



Hluti Starfsmanna GS á góðri stund.

Mikill vöxtur hefur verið undafarin misseri hjá Grænum skátum og hefur starfsmönnum fjölgað. Þetta hefur kallað á nýjar áskoranir í starfsemi. Okkar fötluðu einstaklingar þurfa mikinn stuðning og því þyrfti að ráða til starfa hópstjóra sem heldur utan um þennan góða hóp og veita stuðning. Þarfir okkar starfsmanna geta verið krefjandi og mjög ólíkar. Við óskum því eftir því við borgina að hún kosti eitt stöðugildi hjá okkur í formi hópstjóra.

Ávinningurinn af rekstri Grænna skáta er margþættur

- Aukið framboð á atvinnu með stuðningi fyrir fólk með fötlun bæði líkamlega og andlega
- Stuðlar að aukinni endurvinnslu þar sem aukinn fjöldi fólks velur að nýta sér grenndarstöðvar, annars geta þessar umbúðir endað ruslinu.
- Eflir æskulýðsstarf í landinu með stuðningi við Skátana

F.h. Grænna skáta

Kristinn Ólafsson
Framkvæmdastjóri Grænna skáta